



RANNSÓKNASTOFNUN LANDBÚNAÐARINS BÚTÆKNIDEILD

*Agricultural Research Institute
Technical Department, Iceland*

Hvanneyri, 311 BORGARNES

Símar: 437-0123, fax: 437-0130, Heimasíða: www.rala.is/but

BÚVÉLAPRÓFUN

Ár 1998

AVANT fjósvél.

Bráðabirgðaskýrsla.


Gerð: **AVANT Profi** Framleiðandi: **AVANT TECNO OY, Finnlandi.**
Innflytjandi: **Orkutækni hf., Reykjavík**

YFIRLIT

AVANT fjósvélin var reynd af Bútæknideild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins veturinn 1998-99. Vélin var notuð í rúma tvo mánuði við gjafir á ferböggum, rúlluböggum og lausu þurrheyi í fjósi með um 50 kúm.

Fjósvélin er ætluð til fóðurflutninga við gjafir í fjósum og öðrum gripahúsum eftir því sem aðstæður gefa tilefni til. Vélinni fylgja jafnframt skófla og lyftaragafflar. Vélin er knúin með 13 hestafla bensínhreyfli með rafstarti og hún vegur um um 480 kg. Drifhjól eru knúin með vökvamótorum og lyftibúnaði er stjórnað með vökvatjökkum.

Gerður var samanburður á afköstum við gjafir í fjósi, annars vegar með vélinni og hins vegar með hjólakvísl. Niðurstöður má sjá í meðfylgjandi mynd.



Hægt er að athafna sig við tiltölulega þröngar aðstæður, og er í raun bara breidd vélarinnar sem er takmarkandi, ásamt lengd þar sem um beygjur er að ræða. Vegna þess að tækið er ekki mjög þungt er ekki hægt að lyfta venjulegri rúllu, en hægt er að draga rúllu til nokkuð auðveldlega.

Þegar unnið er við heygjafir þarf að gæta sérstakrar varúðar vegna slysaþættu bæði m.t.t. manna og gripa. Fjósvélin er traustlega smíðuð og er til mikils vinnuléttis miðað við hefðbundnar aðferðir við gjafir. Það getur þó verið háð aðstæðum á hverjum stað.

Á fyrstu dögum prófunarinnar bar nokkuð á því að kerti mótorsins gaf sig og þurfti að setja nýtt nokkrum sinnum. Eftir það bar ekki á þessu vandamáli án þess þó að sérstök skýring kæmi í ljós, nema ef vera skyldi klaufaskapur og vankunnátta við gangsetningu.

Tvisvar á reynslutímanum gerðist það að talsvert magn af bensíni hafði blandast við smurolíu mótorsins, og þurfti að skipta um olíuna af þeim sökum. Skýring á þessu er líklega sú að innsög hefur verið ofnotað, en vélin var yfirleitt í notkun stutta stund í einu og fékk ekki að hitna sem skyldi.

Nokkra leikni þarf við stjórnun vélarinnar og ætla má að það taki um vikutíma að ná viðunandi leikni þannig að afkastageta tækisins nýtist sem skyldi.

Vélin var notuð í um 40 klst og komu engar meiri háttar bilanir fram á þeim tíma.

Aðrar skýrslur varðandi gjafatækni eru m.a. nr. 530, 531, 554, 562, 566, 596, 606, 613, 614, 669, og 682

Skýrslur um búvélaprófanir fást hjá:

Rannsóknastofnun landbúnaðarins,
Bútæknideild Hvanneyri,
311 Borgarnes.
Ábyrgðamaður: Grétar Einarsson.
Sími: 437 0123, myndsími: 437 0130,

Heimasíða: www.rala.is/but, netfang:but@rala.is